



» FJÖLMÖRG FYRIRTÆKI RÍSA EKKI UNDIR VEIÐIGJALDINU

OG ÞAU SEM LIFA VERÐA LÖSKUÐ, SEGIR FORMAÐUR LÍÚ

» 6



Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR

1. NÓVEMBER 2012

44. tbl. 30. árg.



Veiðin ekki svipur hjá sjón

Ólympískar veiðar á gulllaxi skila engum arði, segir skipstjórinn á Hrafni GK. » 2

Aðrir hafa tekið forustuna

Íslendingar eru ekki lengur fyrirmynd í vinnslu og markaðssetningu á fiski, segir Kristján Hjaltason ráðgjafi. » 5



Ýsan sveiflukennd

Mikill breytileiki í nýliðun og veiðum einkennir ýsustofna í heiminum. » 4

HVERNIG FÆDIST SLÍKT SKRÍMSLI?

» 8



MYND/ÓLAFUR ÓSKAR STEFÁNSSON.

Of heitt fyrir síldina?

Sjórinn í Breiðafirði er heitari nú en í fyrra og það getur verið skýringin á því að svo virðist sem minna af síld hafi gengið inn í fjörðinn en áður. Annars er ekki gott að meta hversu mikið magn er á svæðinu því síldin er svo gríðarlega þétt og liggur svo grunnt að erfitt er fyrir skipin að komast að henni. Að líkindum kólnar verulega í áhlaupinu sem nú stendur yfir svo vonandi verður einhver breyting til batnaðar,“ sagði Helgi Valdimarsson, skipstjóri á Sighvati Bjarnasyni VE, þegar Fiskifréttir

ræddu við hann í gær. Þá voru síldarskipin í höfn vegna veðurs enda ekki hægt að athafna sig á miðunum í Breiðafirði nema í sæmilega skaplegu veðri.

Meðfylgjandi mynd var tekin í blíðuveðri um borð í Sighvati síðastliðinn mánudag inni á Hofstaðavogi skammt frá Stykkishólmi en þá fékk skipið 1300-1400 tonna síldarkast og gaf öðrum skipum, Hákon EA og Ásgrími Halldórssyni SF, af afla sínum. Auk veru sinnar í Breiðafirði hefur síld einnig vetursetu fyrir sunnan land en þar er

hún mun smærri og því ekki eftirsótt. Sjómenn segjast lítið sem ekkert verða varir við sýkingu í síldinni að þessu sinni. Vísindamenn geta þó ekki gefið henni hreint heilbrigðisvottorð. Hjá Hafrannsóknastofnun fengu Fiskifréttir þær upplýsingar að tekin hefðu verið sýni úr síldinni í Breiðafirði um miðjan október og reyndist sýkingin vera 27-30%. Sýkingin er skammt gengin og sést ekki í holdi, heldur þarf að fara með hjörtun undir smásjá til þess að greina hana.

» gudjon@fiskifrattir.is




Tobis ehf

Þú færð beituna hjá Tobis
Fiskevegn línán er
komin í hús



Tobis ehf - Lónsbraut 2 - 220 Hafnafjörður - Sími 5275599 - www.tobis.is - tobis@tobis.is

Gulllaxafli 1995-2011



Gulllax

Sveiflukenndar veiðar

Gulllax er einn fátta nytjafiska á Íslandsmiðum sem ekki hefur verið settur í kvóta. Hann hefur veiðist í botnvörpu við Ísland um langt árabíll, einkum sem aukaafli við karfaveiðar, og var lengst af kastað. Árið 1997 jókst áhugi á gullkarfaveiðum verulega, skipum fjölgaði og aflinn komst í rúm 13.000 tonn árið 1998. Síðan dró úr veiðunum en mikil aukning varð á ný árið 2008 þegar aflinn náði 8.800 tonnum og svo með hverju ári þar á eftir eða í um 11.000 tonn árið 2009 og rúm 16.000 tonn árið 2010. Árið 2011 var aflinn hins vegar rúm 10.000 tonn vegna aðgerða stjórnvalda til þess að stjórna veiðunum.

» gudjon@fiskifrettir.is

Fiskifréttir

ÚTGÁFUFÉLAG:
Mýllusetur ehf.,
ÚTGEFANDI:
Pétur Árni Jónsson.

RITSTJÓRI:
Guðjón Einarsson
gudjon@fiskifrettir.is
Sími 569 6625

RITSTJÓRNARFULLTRÚI:
Kjartan Stefánsson
kjartan@fiskifrettir.is
Sími 569 6624

AÐSETUR:
Nóatúni 17,
105 Reykjavík
Áskrift: 569 6622

AUGLÝSINGAR:
Sími: 569 6609
PRENTUN:
Landsprent ehf.



Hrafn GK er gerður út af Þorbirni hf. í Grindavík.

MYND/BERGPÓR GUNNLAUGSSON

Frystitogarinn Hrafn GK á gulllaxveiðum

Veiðin ekki svipur hjá sjón

„Við reyndum við gulllax í sex daga í þessum túr og höfðum innan við 60 tonn upp úr krafsinu. Þegar best lét á þessum veiðum hér á árum áður fengum við gjarnan 30 tonn á sólarhring. Veiðin núna er ekki svipur hjá sjón,“ sagði Ævar Ásgeirsson, skipstjóri á frystitogaranum Hrafni GK, í samtali við Fiskifréttir síðastliðinn mánudag en þá um morguninn millilönduðu þeir í Grindavík.

GUÐJÓN EINARSSON
gudjon@fiskifrettir.is

Aflabrogðin á gulllaxinum hafa verið að smáminnka ár frá ári. Skip Þorbjarnar hf. voru frumkvöðlar á þessum veiðum og veiddu bróðurpartinn af aflanum framan af. Veiðarnar fór þá fram mikið í maí/júní samhliða grálúðuveiðum og svo í september. Þetta voru bestu veiðimánuðirnir. Þá voru fá skip um hituna og veiðarnar hagkvæmar. Í seinni tíð hafa stöðugt fleiri skip sótt í gulllaxinn og haldið til veiða strax og flautað er í byrjun hvers fiskveiðiárs enda eru veiðarnar ekki kvótabundnar heldur með ólympískum hætti. Skipin eru að afla sér veiðireynslu eða viðhalda henni í þeirri trú að gulllaxinn verði að lokum settur í kvóta og svo eru menn auðvitað líka að drýgja veiðiheimildir sínar. Um margra ára skeið hefur verið þrýst á stjórnvöld að setja gulllaxinn í kvóta svo hægt sé

að stunda veiðarnar á arðbæran hátt í stað þess að allir séu að nudda án þess að hafa neitt upp úr því. Kannski eru stjórnvöld nú þegar búin að leysa málið á sinn hátt vegna þess að með því að nota þorskígildisstuðla sem einn grundvöll veiðigjaldsins eru gulllaxveiðar hvort sem er orðnar óarðbærar,“ segir Ævar.

Veiðist á stóru svæði

Ævar segir að í þessum túr hafi þeir fengið gulllaxinn djúpt í Skerjádýpinu, um 60-80 mílur suðvestur af Reykjanesi, en þessi fisktegund fengist annars alveg austan frá Rósagarðinum suðaustur af landinu og í köntunum vestur með landinu og allt norður í Víkurál. Hann sagði að veiðin væri staðbundin og yfirleitt ekki á stóru svæði í einu.

Fram kom í máli Ævars að gulllaxinn væri hausaður og heilfrystur og að mestu seldur á markað í Austur-Evrópu. „Áður fyrr var unninn marningur úr



KARLINN Í BRÚNNI

Ævar Ásgeirsson,
skipstjóri á Hrafni GK.

gulllaxinum. Ég tók þátt í því um borð í Hrafni Sveinbjarnarsyni GK en svo þótti fyrirhöfnin ekki svara kostnaði auk þess sem geyma þurfti gulllaxinn í ákveðinn tíma áður hann var marinn og geymsluplássið um borð í skipinu var ekki nægilega stórt,“ segir hann.

Enginn veit um veiðipólið

Hefur kannski verið veitt of mikið af gulllaxinum?

„Það veit sjálfsagt enginn. Gulllaxinn er sagður vera hæg-vaxta fisktegund sem verði

“

Í seinni tíð hafa stöðugt fleiri skip sótt í gulllaxinn og haldið til veiða strax og flautað er í byrjun hvers fiskveiðiárs enda eru veiðarnar ekki kvótabundnar heldur með ólympískum hætti.

mjög gömul og endurnýi sig hægt. Tilfinning manna er sú að gulllaxinn hafi verið vannýttur en enginn veit hve mikla veiði hann þolir. Veiðin núna er komin undir hungurmörk hjá skipunum. Í þeim hluta þessarar veiðiferðar sem búinn er vorum við fyrir austan land þá daga sem við vorum ekki að elta við gulllaxinn. Fínasta þorskveiði var á Þórsbankanum. Það er almennt álit manna að ástand hefðbundinna nytjastofna hér við land sé þrýðilegt. Það er helst að erfitt hafi verið að ná í ufsann, en það koma alltaf tímabil þegar slíkt er uppi á teningnum.“

Ufsinn vinsæll

Og hvert á að halda næst?

„Það er svolítið óráðið því hann spáir svo illa næstu daga. Við reynum að vera einhvers staðar í skjóli þar sem hægt verður að athafna sig. Við eigum eftir eitthvað af leyfilegum þorskskammti þessa túrs og reynum að blanda hann með dálitlu af karfa og ufsa ef hægt er. Ufsann er vinsælt að veiða núna því hann er eina tegundin sem haldist hefur í verði. Aðrar tegundir hafa lækkað töluvert. Afurðaverðið var reyndar komið í hæstu hæðir þannig að það gat varla annað en farið niður á við,“ sagði Ævar Ásgeirsson.

Alhliða veiðarfærabjónusta í höndum fagmanna

- Veiðarfærabjónusta
- Gúmmibátabjónusta
- Fiskeldisþjónusta

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími:4700 800 Fax:4700 801

FJARÐANET

Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is

fjardanet@fjardanet.is

Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

Uppsjávarskip frá Hjaltlandi

Fiskaði makríl fyrir 743 milljónir á tæpri viku

Togskipið Research frá Hjaltlandi veiddi nýlega 4.500 tonn af makríl í þremur veiðiferðum á tæpri viku. Verðið fyrir hvert kíló var sem svarar 165 íslenskum krónum þannig að vikuaflinn gerði sig á samtals 743 milljónir íslenskra króna. Aflann fékk skipið innan 12 mílna við Hjaltland.

Þetta kemur fram í Fiskeribladet/Fiskaren í Noregi. Þar er þess getið að norskum skipum standi ekki til boða að taka þátt í slíkri makrílveislu því kvóti á hvert norskt skip sé að hámarki 1.910 tonn. Því hafi skoska skipið tekið tvo norska kvóta og rúmlega það á þessum vikutíma. Bent er á í blaðinu að þetta segi þó ekki alla söguna um afkomu skosku skipanna því þau þurfi mörg hver að liggja í höfn 7-9 mánuði á ári vegna kvótaskorts. Því má skjóta inn að Research er eitt þeirra skipa sem uppvís voru að því að svindla miklu magni af makríl framhjá kvóta og hlutu háar fjársektir.

Breski makrílkvótinn fyrir árið 2012 er 164.000 tonn, þar



Markíll.

af fær skoski flotinn 114.000 tonn eða 69% af heildinni. Til samanburðar er nefnt að norsk kvótinn fyrir yfirstandandi ár sé 181.000 en til frádráttar koma 10.000 tonn sem veidd voru umfram í fyrra.

Makríll er sú fisktegund sem gefur mest verðmæti í skoskum sjávarútvegi. Á síðasta ári landaði skoski flotinn 150.000 tonn um af makríl að verðmæti 33 milljarðar íslenskra króna.



Oddur Sæmundsson útgerðarmaður með nýveiddan túnfisk.

MYND/JÓHANN K. BERTHELSEN

Norski línuflotinn skreppur saman

Aukin kvótasambjöppun

Útlit er fyrir að verulega fækki í flota stærri línuskipa í Noregi á næstunni í kjölfar þess að leyft verður að sameina þorskkvóta fimm skipa í stað þriggja nú. Einn þorskkvóti í þessum skipaflokki er 307 tonn á þessu ári og skip með þrjá kvóta hefur þannig 921 tonn miðað við núverandi reglur. Aukningin í fimm kvóta að hámarki á hvert skip ásamt 30% aukningu heildarþorskkvótans á næsta ári gerir það að verkum að beitningarvélabátur má fiska allt að 2.000 tonn af þorski.

Í Fiskeribladet/Fiskaren er

haft eftir talsmanni norsku línuútgerðarinnar Erik Havfiske að þar á bæ séu áform um að fækka skipum úr tólf í níu vegna breytinganna á reglunum. Jafnframt spáir hann því að stóru línubátunum í flotanum muni fækka úr 45 núna í 25 þegar þessi hagráðing er um garð gengin. Auk þorsks veiða bátarnir ýsu. Hins vegar er búist við því að breytingin muni leiða til þess að norsku línubátarnir sækji minna en áður út á alþjóðleg hafsvæði til þess að veiða löngu og keilu enda er sagt vera lítið upp úr þeim veiðiskap að hafa.

Rússland

Vopnaðir veiðieftirlitsmenn

Dmitrij Medvedev forsætisráðherra Rússlands hefur gefið rússneskum veiðieftirlitsmönnum leyfi til að bera vopn og tilgreinir jafnframt um hvaða vopn sé að ræða. Þetta kemur fram í netmiðlinum Barents Observer. Á vopnalistanum eru m.a. Kalasnikov riffilar, Makarov skammbýssur, táragas og fleiri tegundir vopna. Ekki er getið



Kalasnikov riffill í höndum mannsins sem vopnið heitir eftir.

um við hvaða aðstæður eftirlitsmönnum sé heimilt að beita vopnunum að öðru leyti en því að þau séu ætluð til sjálfsvarnar.

Stafnes KE heldur áfram túnfiskveiðum

Tólf fiskar úr öðrum túr

Stafnes KE kom úr annarri veiðiferð sinni fyrir síðustu helgi með tólf túnfiska sem fengust í þremur lögnum. „Við fengum fimm fiska í fyrstu lögnum og aðra fimm í þeirri næstu og svo tvo í síðustu lögninni,“ sagði Oddur Sæmundsson útgerðarmaður í samtali við Fiskifréttir.

Í fyrstu ferðinni fengust fjórir fiskar sem sendir voru ísaðir flugleiðis á markað í Japan. Oddur vildi ekki gefa upp hvaða verð hefði fengist fyrir þá á uppboðinu í Tókíó en fór ekki dult með að hann væri óánægður með verðið. Hann sagði að fiskarnir hefðu verið í fínu ástandi eftir flutninginn og hitinn í þeim innan við tvær gráður en mikið framboð af eldistúnfiski á sama tíma hefði dregið verðið niður.

Línan lengd

Línan sem notuð var í fyrstu tveimur túrunum var 11,5 sjómílna löng og á henni voru 420 krókar. Þegar rætt var við Oddur var verið að koma fyrir öðru spili um borð svo lengja mætti línuna og fjölga krókunum upp í 700. Línan er lögð frá 7-8 faðma dýpi og niður á 40 faðma.

„Það er verst hvað langt er að sækja,“ segir Oddur. „Við höfum verið að veiðum um 200 mílur suður af Íslandi. Túnfiskurinn



Tveir túnfiskar á dekki Stafnessins.

MYND/JÓHANN K. BERTHELSEN

heldur sig í ákveðnum sjávarhita, um 10-11 gráðum, og hitaskilin eru að færast suður á bóginn, þannig að það verður alltaf

lengra og lengra á miðin. Og ekki bætir það úr skák ef veðrið fer að versna til muna.“

» gudjon@fiskifrettir.is

PELTOR

HEYRNARHLÍFAR
með FM útvarpi.

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

SKEIFAN 3 REYKJAVÍK SÍMI 588 5080 FAX 588 0470

Hafrannsóknastofnun vill að aflamark í ýsu verði 40% af fiski yfir vissri stærð

Miklar sveiflur einkenna ýsuna

Hafrannsóknastofnun leggur til að aflamark í ýsu verði 40% af áætlaðri stofnstærð 45 sentímetra ýsu. Nýliðun ýsu er slök og árgangar sem koma inn í veiðina gefa innan við 20 þúsund tonna veiði.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Ýsan er að mörgu leyti erfiður fiskur varðandi stjórn veiða vegna þess hve breytileikinn er mikill og mun meiri en til



Höskuldur Björnsson.

dæmis hjá ufsa að ekki sé talað um þorsk. Þetta kom fram í erindi sem Höskuldur Björnsson, verkfræðingur á Hafrannsóknastofnun, hélt á aðalfundi LÍÚ um vandamál

við stjórn ýsuveiða.

Höskuldur gat þess að ýsuafliinn hefði farið mest í rúm 100 þúsund tonn síðustu 30 árin eða svo en á næstu árum stefndi ársafliinn í minna en 25 þús. tonn.

„Framundan er mikil minnkun í afla, stofnstærð og nýliðun. Eftir árið 2007 hafa komið fram mjög lélegir árgangar sem gefa hver innan við 20 þúsund tonna afla á þeim tíma sem þeir vara í veiðinni,“ sagði Höskuldur.

Miklar sveiflur

Höskuldur sagði að miklar sveiflur væru einkennandi fyrir ýsustofna alls staðar í heiminum, ekki bara á Íslandi. „Nýliðun er mjög ójöfn. Munur á stærstu og minnstu árgöngunum getur verið þrítugfaldur. Það skiptast á nokkur tímabil með góðri og lélegri nýliðun. Stærð árganga er hins vegar nokkuð vel þekkt strax þegar ýsan verður eins árs,“ sagði Höskuldur.

Árgangar skila mismunandi veiði

Fram kom í máli Höskuldar að einstaka árgangar ýsu gætu skil að allt frá 10 þúsund tonna veiði og upp í 200 þúsund tonn. Sjaldgæft væri að finna jafnmikinn breytileika hjá öðrum fisktegundum. Hann sagði að sýnt væri að nýliðun í ýsu yrði slök. Næstu árgangar myndu skila innan við 20 þúsund tonna veiði.

Til að draga úr sveiflum vegna breytileika í nýliðun mætti lækka veiðihlutfall niður fyrir það sem gæfi hámarksafkrastur til að fleiri árgangar væru í veiðinni. Þetta gengi auðvitað ekki nema að vissu marki hjá ýsu sem væri ekki mjög langlíf tegund.

Höskuldur sagði enn fremur að mat á stofnstærð ýsu hefði reynst




Á ýsuveiðum.

MYND/ALFONS FINNSSON

Ójöfn nýliðun og nokkurra ára tímabil með lélegri nýliðun

– Myndir sýnir afla úr einstökum árgöngum
250 þúsund tonn



gott og sveiflur vegna skekkju í stofnmati væru ekki miklar.

Meðalþyngd lækkar verulega

Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur lækkað verulega frá því sem var á níunda áratugnum. Nú er 7 ára ýsa svipuð að þyngd að meðaltali og 5 ára ýsa var þá. Höskuldur sýndi dæmi um meðalþyngd 4ra ára ýsu frá árinu 1985 til 2012 og hafði 850 grömm sem viðmið. Meðalþyngdin fór hæst í rúm 1200 grömm seinni hluta 9. áratugarins en fór lægst niður í 600 grömm árið 2008. Fjögurra ára ýsa er þannig allt að tveimur árum á eftir í vexti þegar mestu munar. Stórir árgangar ýsu vaxa yfirleitt hægar en litlir og er þar af leiðandi gert ráð fyrir að meðalþyngd eftir aldri hækki nokkuð á næstu árum og nálgist meðaltal árunna 1985-2011.

Stofnmat ýsu hefur verið byggt á aldursafgreiningu en Höskuldur sagði að aldurstengd viðmið væru hálfmerkningarlaus þegar þyngdarbreytingar væru svona miklar. Til að


bregðast við breytingum í meðalþyngd þyrfti að reikna aflamark sem hlutfall af veiðistofni sem tæki mið af lágmarksstærð en ekki aldri. Hafrannsóknastofnun legði þannig til að aflamark yrði ákveðið hlutfall af 45 sentímetra ýsu eða stærri.

Viðkvæm fyrir smugi

Höskuldi sagði að ýsan væri einnig sérstök að því leyti að ungviðið væri í miklum mæli innan um stærri ýsu. Hafrannsóknastofnun fengi til dæmis mikið af eins árs ýsu í stofnmælum botnfiska enda væri pokinn hjá þeim klæddur. „Þetta má túlka sem vísbendingu um að mikið af smáýsu lendi í vörpu veiðiskipa og sleppi út. Ýsan er talin viðkvæm fyrir þessu smugi, ekki síst eins árs ýsan sem sjaldan sést á dekki. Vandamálið hefur verið mun minna undanfarin 15 ár en áður vegna minni skörunar í útbreiðslu smáýsu og togveiða,“ sagði Höskuldur.

Til að bregðast við þessu mætti loka svæðum fyrir togveiðum í einhvern tíma sem byggt væri á niðurstöðum stofnmælinga

Ýsuafli 1905-2011



varðandi útbreiðslu ungviðis. Ef til vill væri nægilegt að benda á hvar þessi svæði væru. Þá væri athugandi að auka hlutdeild línu í veiðunum. Besta ráðið við þessu vandamáli væri samt að lækka veiðihlutfall enn frekar en gert er ráð fyrir í tillögum að aflareglu.

Meira fyrir norðan

Síðasta áratug hefur hlutfall veiðistofns ýsu á norðurmiðum farið hækkanði. Höskuldur sagði að samkvæmt stofnmælingum væri helmingur veiðistofns ýsu fyrir norðan en aðeins 20% aflans væru tekin á þessu svæði.

„Veiðialag á ýsu á norðurmiðum er minna en annars staðar. Ástæðan getur verið að eignarhald kvótans ráðist af fyrri útbreiðslu. Önnurmögulegskýring er sú að stór hluti ýsusvæðisins á norðurmiðum er innan 12 mílna og þar af leiðandi lokaður fyrir togveiðum,“ sagði Höskuldur.

Hann velti því einnig fyrir sér hvort misvægi í veiðialagi leiddi til enn frekari hækkanar á hlutfalli ýsu fyrir norðan. Spurning væri hvort það magn ýsu sem

“

Framundan er mikil minnkun í afla, stofnstærð og nýliðun. Eftir árið 2007 hafa komið fram mjög lélegir árgangar sem gefa hver innan við 20 þúsund tonna afla á þeim tíma sem þeir vara í veiðinni.

Aflamark verði 40% af áætlaðri stofnstærð

Höskuldur ítrekaði í lokin að ójöfn nýliðun í ýsu leiddi til þess að veiðihlutfallið þyrfti að vera verulega lægra en það sem gæfi hámarksafkrastur. Vegna breytilegrar þyngdar væri rétt að miða aflareglu við magn ýsu yfir ákveðinni stærð fremur en aldur. Þar sem spá um stofnstærð væri nokkuð góð væri rétt að miða aflamark við stofnstærð í upphafi ráðgjafarárs. Athuga þyrfti misvægi í veiðialagi milli Suðurlands og Norðurlands.

Þá sagði Höskuldur að fyrirbyggjandi væri tillaga frá Hafrannsóknastofnun um að aflamark yrði 40% af áætlaðri stofnstærð 45 sentímetra ýsu í upphafi næsta almanaksárs.

Í tilefni af Sjávarútvegsráðstefnunni 8.- 9. nóvember

Af hverju getur verið erfitt að selja fisk í dag?

Sú var tíðin að horft var til Íslendinga sem fyrirmyndar í vinnslu og markaðssetningu á fiski en þeir tímar eru að baki, aðrir hafa tekið forystuna og Íslendingar lifa um margt á fornri fræð. Hvað hefur gerst og hvers vegna er þessi staða kominn upp?

Sterkri stöðu ekki haldið við

Fyrir miðja síðustu öld lögðu Íslenskir framleiðendur og fyrirtæki sig fram um að kynnast neytendum og mæta þörfum þeirra og stöðu sig miklu betur en keppinautar þeirra. Öflug vöru- og vinnsluþróun átti sér stað, gæðastaðlar voru settir til að mæta kröfum kaupenda, framleiðendur stöðu saman að markaðs- og sölustarfi og byggðu upp sterk vörumerki. Sölu- og dreifingarfyrirtæki voru sett upp erlendis og fjárfest í framhaldsvinnslum. Íslenskur fiskur þótti sá besti, seljendur unnu til langs tíma með kaupendum og stöðu saman í gegnum skammtíma sveiflur. Íslenskur fiskur seldist hæsta verði því framleiðendur uppfylltu þarfir kaupenda.

Enn í dag nýtur íslenskur fiskur góðs orðstírs og fær hátt verð hjá mörgum kaupendum og margir framleiðendur vinna mjög gott starf. En aðrir hugsa til skamms tíma, hoppa á milli markaða og kaupenda ef verð sveiflast og nota jafnvel „uppboðsleiðina“ til að velja hvaða kaupandi fær vöruna þá vikuna. Þeir finna helst fyrir versnandi ástandi á mörkuðum.

Til viðbótar kemur að framleiðendur hafa treyst á góða ímynd íslenskra afurða en henni hefur því miður ekki verið haldið við. Þau fyrirtæki sem standa í stað dragast aftur úr, því samkeppnin hefur ekki sofið á verðinum og nýir keppinautar hafa komið á markaðinn.

Fiskeldi, framhaldsvinnsla og framfarir keppinauta

Margt hefur breyst á síðustu 20 árum en í mínum huga stendur þrennt upp úr; fiskeldi, framhaldsvinnsla í Kína og framfarir keppinauta. Íslendingar selja að mestu afurðir úr veiðum sem eru einstakar og að flestra mati þær bestu sem hægt er að fá. En mikilvægustu kaupendurnir vilja til viðbótar fá vöruna afhenta reglulega, vissu um að staðið sé við samninga og langtímasamstarf.

Eldi bolfiska hefur vaxið mjög á síðustu tveimur áratugum og er magn úr eldi nú meira en það sem kemur úr veiði. Helstu tegundirnar eru lax, tilapia (beit-

SKOÐUN



Kristján Hjaltason.



Framleiðendur hafa treyst á góða ímynd íslenskra afurða en henni hefur því miður ekki verið haldið við.

arfiskur) og pangasíus (catfish). Fiskeldi breytti leikreglum samkeppninnar, kaupendur fengu „sömu“ vöruna 52 vikur á ári, ár eftir ár. Þeir gátu farið í vöruþróun, bætt við nýjum afurðum á vörulistann, eytt í auglýsingar og farið í langtímasamstarf með verslunum og stórnotendum.

Heilfrystur þorskur og ýsa er fluttur í miklu magni frá Noregi og Rússlandi til Kína til vinnslu og kemur aftur á markaði í Evrópu og N-Ameríku í samkeppni við einfrost eða söltuð flök frá framleiðendum á þorski og ýsu. Flestir eru sammála um að tvífrystar afurðir séu síðri en einfrystar, en af hverju hefur kín-

verskum vinnslum orðið svo vel ágengt? Aðalástæðurnar eru að þær að geta tryggt afhendingu allt árið, þær geta unnið afurðir í pakkningar sem hvorki framleiðendur á Íslandi né Noregi geta, og auk þess boðið lágt verð.

Þeir sem Íslendingar keppa við í bolfiski eru vakandi. Kyrrahafsporskur er með leiðandi stöðu í N-Ameríku, norskir útflytjendur leggja mikið fé í að auglýsa norskan fisk á mikilvægustu mörkuðum og hafa byggt upp góða stöðu á nýjum mörkuðum, og rússneskar útgerðir leggja áherslu á vöruþróun um borð í frystiskipum og fara í langtímasamstarf við kaupendur.

Sjávarútvegsráðstefnan tekur á mikilvægum viðfangsefnum

Þessar breytingar munu ekki hverfa, þess vegna þarf sjávarútvegurinn að grípa til aðgerða til þess að ná aftur sterkri stöðu á mörkuðum, tryggja hæsta verð og aðgang að bestu kaupendum. Staðan sem var seinni hluta síðustu aldar kemur ekki aftur en margt er hægt að gera til að styrkja stöðuna. Á Sjávarútvegsráðstefnunni í næstu viku verður tekið á mörgum mikilvægum viðfangsefnum, svo sem: Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf? Hvernig getum við komið með allt hráefni á land? Hvaða möguleikar eru í fiskeldi? Getum við unnið fiskinn enn frekar hér á landi? Samkeppnisumhverfi bolfisktegunda og uppsjávarfiska verður skoðað og tækifæri metin og möguleikar innan Evrópusambandsins ræddir. Þetta er góður vettvangur fyrir alla í greininni til að efla íslenskan sjávarútveg.



Höfundur er formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar. Frekari upplýsingar á www.sjavarutvegsradstefnan.is



„Sjávarútvegurinn þarf að grípa til aðgerða til þess að ná aftur sterkri stöðu á mörkuðum,“ segir greinarhöfundur.

MYND/GE

Pekking og reynsla í þjónustu og ráðgjöf fyrir matvælaíðnaðinn



Umbúðir fyrir sjávarútveginn



Bæjarflöt 4,
112 Reykjavík

www.frjo.is
frjo@frjo.is

Sími 567 7860
Fax 567 7863



HD825 DIGITAL HÁTÍÐNISÓNAR

- ★ Langdrægur leitarsónar með mikla aðgreiningu.
- ★ Hefur reynst frábærlega hérlandis við makrílleit.
- ★ Hægt að nota sem veltuleiðréttan dýptarmæli.
- ★ Fáanlegur með rafmagns- eða glussahífibúnaði.
- ★ Einfaldur að vinna á, íslenskar valmyndir.
- ★ Mikil gæði, hagstætt verð.



FRÁBÆR VIÐ
MAKRÍLLEIT!



SALA OG ÞJÓNUSTA
Á SIGLINGATÆKJUM

Sonar ehf. · Hvaleyrarbraut 2 · 220 Hafnarfjörður
Sími 512 8500 · sonar@sonar.is · www.sonar.is



Kristján Dúi Benediktsson
hefur störf sem
gæðastjóri Sæmarks
Sjávarafurða og Bacco

Kristján Dúi Benediktsson hefur störf hjá Sæmark Sjávarafurðum og Bacco þann 1. desember. Hann mun annast eftirlit með gæðamálum og samræmingu verkferla hjá fyrirtækjunum. Kristján Dúi er fiskiðnaðarmaður að mennt og hefur áratuga reynslu af gæðaeftirliti, þar á meðal hjá Icelandic, Frumherja og Aðalskoðun. Nú síðast starfaði Kristján Dúi sem sérfræðingur á sviði matvælaöryggis og neytendamála hjá Matvælastofnun.

bacco



Sjómenn, munið að senda myndir!



gudjon@fiskifrettir.is

Adolf Guðmundsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, um veiðigjöldin

Fjöldmörg fyrirtæki rísa ekki undir



Aðalfundur LÍÚ var fjölsóttur að vanda.

„Eftir stendur að fjöldmörg fyrirtæki munu ekki rísa undir gjaldtökunni og að þau sem lifa verða löskuð,“ sagði Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, í ræðu sinni á aðalfundi LÍÚ í síðustu viku.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrattir.is

Upphafi ræðu sinnar vék Adolf Guðmundsson að ástandi fiskistofna og afkomu greinarinnar. Hann minnti á að makrillinn væri sú fisktegund sem hefði skilað okkur næstmestum verðmætum einstakra fisktegunda á síðasta ári. „Enn hefur ekki tekist að semja um skiptingu makrílstofnsins og hlutdeild Íslands í veiðunum. Makrílmálið er lýsandi dæmi um það hversu mikilvægur fullveldisréttur okkar er. Ef við værum aðilar að Evrópusambandinu er ljóst að staða okkar væri veik. Íslensk stjórnvöld hafa staðið fast á rétti okkar sem strandríkis og ég hvet þau til að gera það áfram, þrátt fyrir aðildarumsóknina,“ sagði Adolf.

Ríkisvæðing sjávarútvegs

Adolf varði mestum tíma í að ræða áform ríkisstjórnarinnar um breytta fiskveiðistjórnun og hækkun veiðigjalda. Hann sagði

að reynt hefði verið að sannfæra þá sem fara með hið pólitíska vald með gögnum og rökum án mikils árangurs. „Þegar þeir sem með valdið fara nálgast verkefnið eins og að guðleg forsjón hafi falið þeim að leiða þjóðina í heilögu stríði vandast málið,“ sagði Adolf. Hann bætti því við að þegar umbúðunum hefur verið flett af orðskráðinu blasti innihaldið við — einfaldlega ríkisvæðing sjávarútvegsins.

Fiskveiðistjórnuninni kollvarpað

„Í þeirri atlögu sem gerð var í vor var um áherslubreytingu að ræða. Í stað aðaláherslu á að ríkisvæða atvinnugreinina með upptöku aflaheimilda fyrirtækjanna lagði ríkisstjórnin nú fram sérstakt frumvarp um veiðigjöld samhliða frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.“

Með því var forgangs röðinni breytt. Nú skyldi ríkisvæða hratt með ofurskattlagningu í formi margföldunar veiðigjalda. Í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða voru áfram tillögur um að kollvarpa fiskveiðistjórnuninni

“

Þessi aðgerð mun óhjákvæmilega leiða til enn frekari samþjöppunar og fækkunar fyrirtækja.

með banni við framsali aflahlutdeilda, skerðingu aflahlutdeilda og sölu ríkisins á aflaheimildum, einhliða nýtingarleyfum í stað samninga um afnot af aflaheimildum. Endamarkmiðið var sem fyrr að gera aflaheimildirnar upptækar,“ sagði Adolf.

Skattleggja allan hagnað

Adolf sagði að boðað skatthlutfall væri hærra en nokkur hefði getað ímyndað sér. Sýnt hefði verið fram á að í mörgum tilvikum næmi skattlagningin meiru



Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, flytur ræðu sína á aðalfundi LÍÚ.

MYND/HAG

Vilja atkvæðagreiðslu um verkann á sjómenn

Hlutaskiptakerfi útvegsmanna og sjómanna getur ekki staðið óbreytt eftir tilkomu nýrra laga um veiðigjöld. Takist ekki samningar um breytingar vill aðalfundur LÍÚ að leitað verði samþykkis félagsmanna um verkann.

Þetta kemur fram í ályktun aðalfundar LÍÚ þar sem víkið er að kjaraviðræðum útvegsmanna og sjómanna. Samþykktin er svohljóðandi: „Með lögum nr. 74/2012 voru veiðigjöld sem útgerðinni er gert að greiða margfölduð. Gjaldtakan nemur allt að 20% af aflaverðmæti einstakra fisktegunda. Þá hefur kostnaður og aðrar álögur stjórnvalda aukist umtalsvert. Við þessar aðstæður getur hlutaskiptakerfi útvegsmanna og sjómanna ekki staðið óbreytt.“

Takist ekki samningar um að tekið verði tillit til þessa aukna kostnaðar við skiptingu aflaverðmætis á milli útvegsmanna og sjómanna beinir fundurinn því til stjórnar samtakanna að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um boðun verkanns.“

r gjaldtökunni



MYND/HAG

en öllum hagnaði einstakra fyrirtækja. Ennfremur hefði ekki verið tekið nægjanlegt tillit til þess fjármagns sem bundið væri í rekstrinum.

„Ekkert tillit er tekið til þeirra verðmæta sem liggja í veiðiheimildum fyrirtækjanna við mat á skattstofninum en bókfært virði þeirra er um 200 milljarðar. Það hefur gleymst að forsenda þess árangurs sem íslenskur sjávarútvegur hefur náð er að þeir sem nú stunda útgerð og fiskvinnslu fóru í nauðsynlega hagræðingu með kaupum á aflaheimildum og fækkun skipa og vinnslustöðva.

Gjaldið er lagt á fyrirtækin miðað við metna meðaltalsafkomu sjávarútvegsins í heild þrátt fyrir mjög ólíka stöðu og aðstöðu þeirra. Miðað er við þorskígildistuðla þar sem ekkert tillit er tekið til mismunandi kostnaðar við veiðar einstakra tegunda. Ekki er látið staðar numið við útgerðina heldur er afkoma fiskvinnslunnar einnig skattlögð,“ sagði Adolf.

Margir rísa ekki undir gjaldtökunni

Fram kom í máli Adolfs að í álitum lögmannna hefðu verið leiddar líkur að því að frumvarpið stæðist ekki þær kröfur sem gerðar eru í stjórnarskránni um

“

Ekkert tillit er tekið til þeirra verðmæta sem liggur í veiðiheimildum fyrirtækjanna við mat á skattstofninum en bókfært virði þeirra er um 200 milljarðar.

skattlagningu og sköpuðu ríkinu bótaskyldu.

Ennfremur væri ljóst að fyrirtæki sem eingöngu stunduðu útgerð færu verst út úr skattlagningunni og að mörg þeirra réðu ekki við hana. „Eftir stendur að fjölmörg fyrirtæki munu ekki rísa undir gjaldtökunni og að þau sem lifa verða löskuð,“ sagði Adolf.

Sinnaskipti Steingríms

Adolf gat þess að Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra hefði tekið sinnaskiptum í veiðigjaldamálinu. Hann sagði

að Steingrímur hefði mælt gegn veiðigjaldi þegar hann var formaður sjávarútvegsnefndar alþingis. Veturinn 2009 hefði atvinnuvegaráðherra svo lýst því yfir á fundi með útvegsmönnum að ef hann fengi einhverju ráðið eftir kosningarnar yrði veiðigjaldið ekki hækkað. Annað hefði komið á daginn.

„Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar vorið 2011 var miðað við að tvöfalda veiðigjaldið og þótti flestum nóg um. Við framlagningu fjárlagafrumvarpsins haustið 2011 var miðað við þreföldun. Niðurstaðan vorið 2012 er fimmföldun. Reikna má með því að veiðigjöld fiskveiðisársins 2012/2013 verði á milli 14 og 15 milljarðar. Ef lögin hefðu verið að fullu komin til framkvæmda hefði þau numið yfir 20 milljörðum samkvæmt gögnum stjórnvalda, þannig að við sjáum í hvað stefnir,“ sagði Adolf.

Leiðir til samþjöppunar

Þessi aðgerð mun óhjákvæmilega leiða til enn frekari samþjöppunar og fækkunar fyrirtækja. Við skorumst ekki undan því að greiða skatta og skyldur til samfélagsins og þar með talið veiðigjald sem raskar ekki rekstrargrundvelli fyrirtækjanna.

Ég skora á atvinnuvegaráðherra og alla þingmenn sem láta sig atvinnumál varða að hlusta á þau rök sem fram hafa verið færð og beita sér fyrir endurskoðun laganna um veiðigjöld til að forða því tjóni sem við blasir,“ sagði Adolf Guðmundsson.



Frá aðalfundi LÍÚ.

MYND/HAG

Stjórnvöld endurskoði lög um veiðigjöld

Hér á eftir fer útdráttur úr ályktunum aðalfundar LÍÚ.

- » Aðalfundur LÍÚ skorar á stjórnvöld að hverfa frá þeim hugmyndum sem lagðar voru fram í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða á síðasta löggjafarþingi. Fundurinn hvetur stjórnvöld til þess að vanda til verka við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og hafa samráð við hagsmunaaðila.
- » Skorað er á atvinnuvegaráðherra að heimila flutning aflaheimilda í úthafskarfa sem náðist ekki að veiða 2012 fram á næsta ár. Að öðrum kosti verði veiðigjald af ónýttum aflaheimildum felld niður.
- » Því er mótmælt harðlega að strandveiðar hafi tekist vel í sumar. Strandveiðarnar stuðli hvorki að nýliðun né bættri aflameðferð. Lagt er til að strandveiðar verði ekki heimilaðar áfram.
- » Aðalfundur LÍÚ leggur til að lokað verði á flutning aflaheimilda á milli aflamarks- og krókaaflamarkskerfa.
- » Lagt er til að úthlutað verði aftur aflamarki í rækju miðað við aflahlutdeild útgerða.
- » Skorað er á atvinnuvegaráðherra að endurskoða stefnu stjórnvalda gegn vistvæn- um veiðum með dragnót. Fjöldi veiðisvæða hefur verið lokað án þess að nokkur vísindaleg rök séu þar að baki.
- » Aðalfundur LÍÚ skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir endurskoðun laga um veiðigjöld. Þessi ofurskattlagning í formi veiðigjalda mun draga allan mátt úr greininni. Fyrirtæki sem eingöngu stunda útgerð fara verst út úr skattlagningunni. Útgerðin er ekki aðeins skattlögð heldur einnig fiskvinnslan. Hér er um sannkallaðan landsbyggðarskatt að ræða þar sem meginstarfsemi sjávarútvegsins er utan höfuðborgarsvæðisins.

» kjartan@fiskifrettir.is

Veiðarfæri
eru
okkar fag



Standard PE

Hagkvæmt og gott

HAMPIÐJAN

www.hampidjan.is

Skarfagörðum 4, 104 Reykjavík Sími: 530 3300



Frá pallborðsumræðum á aðalfundi LÍÚ, talið frá vinstri: Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ, Daði Már Kristófersson, dósent við HÍ, Árni Jón Árnason hjá Deloitte, Heiðar Hrafn Eiríksson hjá Þorbirni og Örvar Guðni Arnarson, fjármálastjóri Ísfélags Vestmannaeyja.

MYND/EGGERT JÓHANNESSON

Pallborðsumræður á aðalfundi LÍÚ

Hvernig fæðist slíkt skrímsli?

